



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 7. september 2017

Haldinn í Skúrinni við veitingastaðinn Húsið. Fundur settur kl. 19:55. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Birgir Örn Birgisson, Guðmundur Einarsson, Harpa Guðmundsdóttir, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Leikmannamál

Farið yfir stöðu mála. Nýr leikmaður frá Svartfjallalandi, Nemanja Knezevic, kominn til landsins. Hann mun fara með meistaraflokki í æfingaferð á Tálknafjörð og Patreksfjörð. Unnið að því að fá varanlegt húsnæði og ganga frá samningi.

2. Undirbúningstímabilið

Undirbúningstímabilið stendur nú sem hæst. Helgina 8.-10. september næstkomandi fer meistaraflokkur í æfingaferð á Tálknafjörð og Patreksfjörð. Af því tilefni mun Kkd Vestra bjóða krökkum á sunnanverðum Vestfjörðum á Körfuboltadag, sambærilegan Körfuboltadeginum sem haldinn var í dag á Ísafirði. Þá verður leikinn „bláir á móti hvítum“ æfingaleikur á Patreksfirði sem almenningi er boðið að sækja. Síðar í mánuðinum er stefnt að nokkrum æfingaleikjum áður en tímabilið hefst.

3. Fjármál og styrkir

Sveinn gerði grein fyrir stöðu mála. Rætt um verkaskiptingu innan stjórnar hvað fjáröflun og fjármál varðar. Sveinn gerir tillögu að verkefnum sem aðrir meðlimir innan stjórnar geta sinnt til að létta undir með annasömu starfi gjaldkera.

4. Leikjaskrá

Í bígerð er útgáfa leikskrár. Ingi Björn lagði fram kostnaðaráætlun fyrir leikskrána. Tilboð í prentun og dreifingu liggur fyrir. Stefnt að því að skráin getir komið út í vikunni fyrir fyrsta heimaleik þann 6. október. Rætt um auglýsingasölu í skrána og annað efni.

5. Fundartími í vetur

Rætt um fastan fundartíma í vetur. Stefnt að því að hafa fimmtudaga sem fasta fundartíma á meðan á meistaraflokksæfingum stendur. Rætt um að boða yfirþjálfara reglulega á fundina til að bæta upplýsingaflæði til stjórnar um daglegt starf innan deildarinnar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 22:05.